



Hvað gerist  
þegar ein *darga* fjölgar sér í Vesturheimi?

Höskuldur Þráinsson  
og Sigríður Magnúsdóttir



# Rannsóknarspurningar

## Einföld spurning:

- Hvað kunna „Vestur-Íslendingar“ fyrir sér í myndun fleirtölu af íslenskum nafnorðum?

## Önnur spurning:

- Af hverju (í ósköpunum) gæti verið áhugavert að kanna það?

## Brenns konar markmið með rannsókninni:

- *Lýsandi markmið*: Rannsóknin er liður í því að lýsa einkennum vesturíslensku eins og hún er töluð núna.
- *Afmarkað skýrandi markmið*: Niðurstöðurnar geta varpað ljósi á eðli þeirrar málkunnáttu sem þeir búa yfir sem tala vesturíslensku: Er sú kunnátt t.d. að einhverju leyti frábrugðin málkunnáttu „Heimaíslendinga“ á ýmsum aldri og hvernig gæti staðið á því ef svo er?
- *Almennt skýrandi markmið*: Niðurstöðurnar geta varpað ljósi á eðli „erfðarmála“ (e. *heritage languages*) almennt og hvað felst í því að kunna þau (sbr. erindi Birnu Arnbjörnsdóttur í þessari málstofu).

Hvað gerist þegar ein darga fjölgar  
sér í Vesturheimi?



# Upprifjun um málkunnáttu


- Á síðari hluta síðustu aldar fóru málfræðingar að fá aukinn áhuga á eðli málkunnáttunnar:
  - Hvað felst í því að kunna tungumál?
  - Hvernig verður málkunnáttan til?
  - Hvernig getur málkunnáttan breyst?
  - Hvernig getum við nýtt okkur þekkingu á eðli málkunnáttunnar til að átta okkur á málnotkun, málbreytingum o.s.frv?
- Fræg grein: Jean Berko (Gleason): „The Child’s Learning of English Morphology“ 1958. Rannsakaði m.a. fleirtölu nafnorða í ensku (reyndar líka sagnmyndir ...)
  - Tilgáta Berko (sem var staðfest): Börn á máltökuskeiði læra ekki bara fleirtölu nafnorða sem þau heyra í kringum sig heldur tileinka þau sér þær almennu reglur sem gilda um fleirtölu enskra nafnorða og beita þeim á orð sem þau hafa aldrei heyrt.Tilgáta Berko og tilraun hennar var nýstárleg fyrir 60 árum ...

Hvað gerist þegar ein darga fjölgar  
sér í Vesturheimi?



# Rannsókn Berko: „The *wug* test“

Aðalpersónan:



Niðurstaðan:

Börn sem alast upp í enskumælandi umhverfi tileinka sér snemma ýmsar **reglur** málsins, svo sem regluna um það hvenær fleirtöluending enskra nafnorða er [-z] (sbr. *wug* – *wugs*), hvenær [-s] (sbr. *heaf* – *heafs*) og hvenær [-ɪz] (sbr. *tass* – *tasses*). Þau læra málið ekki utan að eins og páfagaukar, t.d. ekki fleirtölu nafnorða orð fyrir orð, nema þá að hún sé óregluleg (sbr. *child* – *children*).

- Þetta taldi Berko (seinna) vera stuðning við hugmynd Chomskys um að börn fæddust með sérstakan **máltökubúnað** (e. *language acquisition device*, LAD, sbr. Chomsky 1965 og síðar).

Hvað gerist þegar ein darga fjölgar  
sér í Vesturheimi?



# Hvað um fleirtölu íslenskra nafnorða?

Fleirtala nafnorða í íslensku er miklu flóknari en í ensku. Hún fer m.a. eftir **kyni** og **beygingarflokki** nafnorðsins (veik/sterk beyging):

- Fleirtala „reglulegra“ sterkra karlkyns- og kvenkynsorða er ekki alltaf algjörlega fyrirsegjanleg en fleirtala sterkra hvorugkynsorða er það:
  - hundur – hundar, fundur – fundir
  - nál – nálar, sól – sólar
  - rúm – rúm, glas - glös
- Fleirtala veikra nafnorða er (næstum algjörlega) fyrirsegjanleg út frá kyni nafnorðsins:
  - koddi– koddar (ath. þó þjóðaheiti: *Dani* – *Danir*)
  - sápa – sápur, tala – tölur
  - auga – augu

Hvað gerist þegar ein darga fjölgar  
sér í Vesturheimi?

# Hvenær og hvernig ná íslensk börn tökum á fleirtölu nafnorða?

- *Fleirtölupróf Höskuldar og Sigríðar* 1979 og síðar (síðast endurskoðað 2013):
  - samið í stíl við *wug*-próf Jean Berko
  - upphaflega prófað í talmeinafræði (liður í því að kanna málproska barna) og í kennslu við Háskóla Íslands (Áslaug Marinósdóttir og Guðrún Sigurðardóttir 1980 (grein í *Mími*), Áslaug Marinósdóttir 1983 (BA-ritgerð))
  - síðar notað í umfangsmikilli rannsókn á íslensku barnamáli 1986 (Indriði Gíslason, Sigurður Konráðsson og Benedikt Jóhannesson) sem náði til 200 fjögurra ára barna og 200 sex ára barna
  - prófar fleirtölu þekktra algengra nafnorða og tilbúinna nafnorða sem ættu að fá reglulega fleirtölu samkvæmt þeim reglum Íslendingar tileinka sér á máltökuskeiði

Hvað gerist þegar ein darga fjölgar  
sér í Vesturheimi?

# Fleirtölupróf HÞ og SM

Orðin (í síðustu útgáfu, 2013) – litir vísa á einhverjar „flækjur“:

| Beyging      | Þekkt orð (misjafnlega regluleg)                            | Tilbúin orð (regluleg) |
|--------------|-------------------------------------------------------------|------------------------|
| <b>sterk</b> |                                                             |                        |
| kk           | hundur, selur, hnífur, bekkur; kjóll; gaffall, hamar; fótur | teill; þetir           |
| kvk          | sól, nál, þvottavél; sög; mús, bók                          |                        |
| hk           | rúm, ljón, kerti; blað, tjald, glas                         | lún, buni; kas, darm   |
| <b>veik</b>  |                                                             |                        |
| kk           | koddi, fáni, bolti                                          | neli                   |
| kvk          | sápa, kona; panna                                           | kíma; kraða, darga     |
| hk           | eyra, auga                                                  |                        |

*kjóll – kjólar; gaffall, hamar – gafflar, hamrar; fótur – fætur; þetir – þetar*

*mús – mýs, bók – bækur*

*blað, tjald, glas – blöð, tjöld, glös*

*panna – pönnur*

*þetir* gæti verið *þetirar* í máli sumra, sbr. *læknirar*

Hvað gerist þegar ein darga fjölgar  
sér í Vesturheimi?



# Dæmi úr prófinu

Framsetningin sótt til Jean Berko:

Hér er einn bolti



Hér eru tveir



\_\_\_\_\_

Hér er ein darga



Hér eru tvær



\_\_\_\_\_

Orðmyndirnar *einn/ein, tveir/tvær* ... gefa upplýsingar um kynið og þær ættu að nægja þátttakendum (sjá t.d. umræðu hjá Áslaugu Marinósdóttur og Guðrúnu Sigurðardóttur 1980, Áslaugu Marinósdóttur 1983, Birnu Arnbjörnsdóttur og Höskuldi Þráinssyni 2018:230 o.áfr.)

Myndina af *dörgunni* og öðrum óþekktum kvikindum í prófinu teiknaði Kjartan Arnórsson 1979.)


Hvað gerist þegar ein darga fjölgar  
sér í Vesturheimi?






# Nokkrar fleiri myndir til gamans


Hér eru fleiri úr persónugalleríi Kjartans Arnórssonar:




(einn) sútur




(ein) kraða



(eitt) kas



(einn) teill



(ein) kíma




(eitt) lún

Hvað gerist þegar ein darga fjölgar  
sér í Vesturheimi?

# Úr niðurstöðum Indriða og félaga 1986

Meðaltöl réttra svara hjá fjögurra og sex ára börnum fyrir fjóra hópa orða (um 200 börn í hvorum aldurshópi):



## Sem sé:

- börnum „fer fram“
- veik beyging er auðveldari en sterk (enda reglulegri)
- strax 4 ára hafa íslensk börn þegar náð valdi á sumum fleirtölureglum, ekki bara lært fleirtölu einstakra orða

En eru fullorðnir eitthvað „betri“ í þessu en börn?


Iris Nowenstein prófaði 30 einstaklinga (30–40 ára, meðalaldur 35).

Hvað gerist þegar ein darga fjölgar  
sér í Vesturheimi?

# Fleirtöluprófið og fullorðnir


## Samanburður 1:

- Fullorðið fólk gerir (næstum) allt rétt



## Samanburður 2 (án *buni*):


- Fullorðið fólk gerir allt rétt ef *buni* er sleppt (hinar „villurnar“ eru í orðunum *neli* (ft. *nelir*) og *petir* (ft. *petirar*))



Hvað gerist þegar ein darga fjölgar  
sér í Vesturheimi?

# En hvað um Vestur-Íslendinga?

Þessi gerð af fleirtöluprófinu var lögð fyrir 15 Vestur-Íslendinga 2013–2014:



## Sem sé:

- Vestur-Íslendingar „kunna“ fleirtölu þekktra íslenskra nafnorða álíka vel og 4–6 ára börn á Íslandi.
- Vestur-Íslendingar virðast ekki hafa góð tök á íslenskum fleirtölureglum, jafnvel heldur síðri tök en 4 ára börn á Íslandi.

Ath. að það er **ekki** þannig að Vestur-Íslendingar séu með eigin fleirtölureglur sem þeir beita á óþekkt orð.

Hvað gerist þegar ein darga fjölgar  
sér í Vesturheimi?




# Voru Vestur-Íslendingarnir kannski „of gamlir“?

Meðalaldur Vestur-Íslendinganna 15 var 72 ár. Iris Nowenstein og Sigríður Magnúsdóttir prófuðu 50 eldri „Heima-Íslendinga“ til samanburðar (60–90 ára, meðalaldur 77 ár):

## Sem sé:

- Það er ekki marktækur munur á frammistöðu eldri- og yngri Heima-Íslendinga.
- Skor Vestur-Íslendinganna ætti því að gefa raunverulegar vísbendingar um eðli málkunnáttunnar hjá þeim sem erfðarmálsnotendum og ætti ekki að tengjast því að þeir voru komnir af léttasta skeiði.



Hvað gerist þegar ein darga fjölgar  
sér í Vesturheimi?



# Nánari samanburður á skori hópanna

Tilbúnu orðin reyndust börnum og Vestur-Íslendingum erfiðust, einkum þau sem eru með einhvers konar breytileika í stofni.

Taflan sýnir hlutfall (prósentur) „réttra“ svara:

| Tilbúin orð með breytileika í stofni | 4 ára | 6 ára | Yngri Ísl. | Eldri Ísl. | Vestur-Ísl. |
|--------------------------------------|-------|-------|------------|------------|-------------|
| (eitt) <i>kas</i> – <i>kös</i>       | 11    | 67    | 100        | 98         | 0           |
| (eitt) <i>darm</i> – <i>dörm</i>     | 26    | 65    | 100        | 96         | 7           |
| (ein) <i>darga</i> – <i>dörgur</i>   | 27    | 67    | 100        | 100        | 13          |
| (ein) <i>kraða</i> – <i>kröður</i>   | 32    | 71    | 100        | 100        | 20          |
|                                      |       |       |            |            |             |
| (einn) <i>teill</i> – <i>teilar</i>  | 15    | 36    | 100        | 100        | 20          |
| (einn) <i>petir</i> – <i>petar</i>   | 27    | 41    | 86         | 84         | 47          |

| Tilbúin orð án breytileika í stofni | 4 ára | 6 ára | Yngri Ísl. | Eldri Ísl. | Vestur-Ísl. |
|-------------------------------------|-------|-------|------------|------------|-------------|
| (ein) <i>kíma</i> – <i>kímur</i>    | 46    | 81    | 100        | 100        | 60          |
| (einn) <i>neli</i> – <i>nelar</i>   | 59    | 76    | 93         | 94         | 60          |

Skor Vestur-Íslendinganna líkist yfirleitt mest skori yngri barnanna.

Hvað gerist þegar ein darga fjölgar  
sér í Vesturheimi?

# Nánari samanburður, frh.

Yngri börn og Vestur-Íslendingar eiga líka í erfiðleikum með sum þekkt orð með breytileika í stofni (tölurnar tákna prósentur):

| Þekkt orð<br>með breytileika í stofni  | 4 ára | 6 ára | Yngri<br>Ísl. | Eldri<br>Ísl. | Vestur-<br>Ísl. |
|----------------------------------------|-------|-------|---------------|---------------|-----------------|
| (ein) <i>mús</i> – <i>mýs</i>          | 4     | 57    | 100           | 100           | 67              |
| (einn) <i>fótur</i> – <i>fætur</i>     | 8     | 32    | 100           | 100           | 67              |
| (ein) <i>bók</i> – <i>bækur</i>        | 38    | 94    | 100           | 100           | 93              |
|                                        |       |       |               |               |                 |
| (ein) <i>sög</i> – <i>sagir</i>        | 2     | 32    | 100           | 100           | 20              |
|                                        |       |       |               |               |                 |
| (einn) <i>hamar</i> – <i>hamrar</i>    | 24    | 74    | 100           | 100           | 40              |
| (einn) <i>gaffall</i> – <i>gafflar</i> | 21    | 80    | 100           | 100           | 60              |
|                                        |       |       |               |               |                 |
| (eitt) <i>blað</i> – <i>blöð</i>       | 65    | 97    | 100           | 100           | 80              |
| (eitt) <i>tjald</i> – <i>tjöld</i>     | 57    | 94    | 100           | 100           | 47              |
| (eitt) <i>glas</i> – <i>glös</i>       | 64    | 99    | 100           | 100           | 80              |
| (ein) <i>panna</i> – <i>pönnur</i>     | 73    | 97    | 100           | 100           | 73              |

Vestur-Íslendingar þekkja þó vel fleirtölu ýmissa algengra nafnorða, stundum betur en yngri börnin. Það á einkum við um sum orð sem hafa óreglulega fleirtölu (*bækur*, *mýs*, *fótur*) eða sýna regluleg tilbrigði í stofni (*sagir*; *hamrar*, *gafflar*; *blöð*, *glös*, *pönnur*, *gafflar*)

Hvað gerist þegar ein darga fjölgar  
sér í Vesturheimi?



# Nánar um vesturíslenska hópinn

## Hlutur íslensku og ensku á máltökuskeiði

Hvenær fórstu fyrst að heyra málið í kringum þig?

|                    | íslenska | enska |
|--------------------|----------|-------|
| við upphaf máltöku | 13       | 7     |
| á skólaaldri       | 2        | 8     |
| sem unglingur      |          |       |
| sem fullorðinn     |          |       |
| samtals            | 15       | 15    |

Hvenær fórstu fyrst að tala málið?

|                    | íslenska | enska |
|--------------------|----------|-------|
| við upphaf máltöku | 12       | 8     |
| á skólaaldri       | 2        | 6     |
| sem unglingur      |          |       |
| sem fullorðinn     | 1        |       |
| samtals:           | 15       | 14    |

Notkun málsins heima í uppvexti

|         | íslenska | enska |
|---------|----------|-------|
| daglega | 12       | 9     |
| stundum | 3        | 6     |
| sjaldan |          |       |
| aldrei  |          |       |
| samtals | 15       | 15    |

**Sem sé:** Meiri breytileiki að því er varðar enskuna í uppvexti.

Hvað gerist þegar ein darga fjölgar  
sér í Vesturheimi?





# Nánar um vesturíslenska hópinn

## Notkun íslensku í uppvexti

Við hverja talaðirðu íslensku heima í uppvexti?

| Hópur                                 | Fjöldi |
|---------------------------------------|--------|
| alla í nánustu fjölskyldu             | 8      |
| afa og/eða ömmu og pabba og/eða mömmu | 4      |
| pabba og/eða mömmu og yngri systkini  |        |
| pabba og/eða mömmu og eldri syskini   | 1      |
| báða foreldra                         |        |
| bara pabba eða mömmu                  | 1      |
| bara afa og/eða ömmu                  |        |
| bara aðra en heimafólk                |        |
|                                       | 14     |

Formleg notkun íslensku í uppvexti

|                                                | já | nei |
|------------------------------------------------|----|-----|
| gastu lesið íslensku áður en þú fórst í skóla? | 8  | 7   |
| var fermingarundirbúningurinn á íslensku       | 1  | 13  |

**Sem sé:** Mestur breytileiki í lestrarkunnáttunni í bernsku

Hvað gerist þegar ein darga fjölgar  
sér í Vesturheimi?



# Náðar um vesturíslenska hóþinn

Notkun íslensku núna

|                                                  | já | nei |
|--------------------------------------------------|----|-----|
| Notar (eða notaðir) þú íslensku utan heimilisins | 15 |     |

Hversu oft notaðir þú málið á sl. ári?

|                          | íslenska | enska |
|--------------------------|----------|-------|
| daglega                  | 2        | 14    |
| nokkrum sinnum í viku    | 2        |       |
| nokkrum sinnum í mánuði  | 8        |       |
| nokkrum sinnum á árinu   | 3        |       |
| ekkert eða nánast ekkert |          |       |
| samtals                  | 15       | 14    |

**Sem sé:** Talsverður breytileiki í notkun íslensku nú

Hvað gerist þegar ein darga fjölgar  
sér í Vesturheimi?



# Nánnar um vesturíslenska hópin

Meira um notkun íslensku núna:

|                                                        | daglega | stöku<br>sinnum | sjaldan | aldrei |
|--------------------------------------------------------|---------|-----------------|---------|--------|
| les bækur eða blöð á<br>íslensku                       | 3       | 6               | 3       | 3      |
| hlustar á íslenskar fréttir<br>í útvarpi eða sjónvarpi |         | 3               | 3       | 9      |

Hversu oft farið til Íslands

|                   | Fjöldi |
|-------------------|--------|
| þrisvar eða oftar | 7      |
| tvisvar           | 1      |
| einu sinni        | 5      |
| aldrei            | 2      |
|                   | 15     |

Talsverður breytileiki hér

Hvað gerist þegar ein darga fjölgar  
sér í Vesturheimi?



# Hvað gæti skipt máli?

Vinsæl hugmynd:

- Þegar málkunnátta erfðarmálshafa er „ófullkomin“ miðað við kunnáttu þeirra sem tala samsvarandi mál sem móðurmál er tvennt til (ath. að kostirnir þurfa ekki að útiloka hvor annan):
  - Frávikin stafa af „**ófullkominni máltöku**“ (e. *incomplete acquisition*): málhafarnir hafa ekki náð fullum tökum á viðkomandi málfræðiatriði á máltökuskeiði vegna þess hvernig málaðstæðurnar voru
  - Frávikin stafa af „**málhrörnun**“ (e. *language attrition*): málhafarnir hafa ekki lengur sömu tök á viðkomandi málfræðiatriði og þeir höfðu í upphafi vegna takmarkaðrar notkunar á málinu á fullorðinsárum

Hvað gerist þegar ein darga fjölgar  
sér í Vesturheimi?



# Hvað gæti skipt máli?

Hverju spá tilgátunnar tvær?

- Ef frávikin stafa af **ófullkominni máltöku** er líklegt að ólíkar málaðstæður á máltökuskeiði geti haft áhrif.
- Ef frávikin stafa af **málhrörnun** er líklegt að mismikil notkun málsins á fullorðinsárum geti haft áhrif.

Aðstæður sem voru mismunandi á **máltökuskeiði**:

- **hlutur ensku**: hvenær þátttakendur fóru að heyra ensku, nota hana og hvort hún var notuð heima við (svör samsvarandi spurninga fyrir íslensku voru mjög einsleit)
- hvort þátttakendur **kunnu að lesa á íslensku** áður en þeir fóru í skóla



# Fylgni fleirtöluskors við bernskubreytur

Upprifjun á tölfræðitáknum:

- R = fylgni (á bilinu -1,0 (fullkomin neikvæð fylgni) til +1,0 (fullkomin jákvæð fylgni))
- p = marktæknikvarði (p 0,05 merkir „5% líkur til að um tilviljun sé að ræða“)
- N = fjöldi þátttakenda

Fyrirferð ensku í uppvexti:

|               | hvenær fór að heyra e. |      |    | hvenær fór að tala e. |      |    | notkun e. á heimili |      |    |
|---------------|------------------------|------|----|-----------------------|------|----|---------------------|------|----|
|               | R                      | p    | N  | R                     | p    | N  | R                   | p    | N  |
| fleirtöluskor | -.563                  | .029 | 15 | -.291                 | .313 | 14 | -.193               | .490 | 15 |

Mælikvarði á notkunarvið íslensku í uppvexti:

|               | gat lesið ísl. fyrir skóla |      |    | fermingarundirb. ísl. |      |    |
|---------------|----------------------------|------|----|-----------------------|------|----|
|               | R                          | p    | N  | R                     | p    | N  |
| fleirtöluskor | .449                       | .093 | 15 | .492                  | .074 | 14 |

**Sem sé:** Nokkur fylgni fleirtöluskors við suma af þessum þáttum.

Hvað gerist þegar ein darga fjölgar  
sér í Vesturheimi?



# Fylgni fleirtöluskors við notkunarbreytur

Notkun íslensku núna:

|               | hlustar á ísl. fréttir |      |    | les bækur og blöð |      |    | hefur farið til Íslands |      |    |
|---------------|------------------------|------|----|-------------------|------|----|-------------------------|------|----|
|               | R                      | p    | N  | R                 | p    | N  | R                       | p    | N  |
| fleirtöluskor | .433                   | .107 | 15 | .292              | .291 | 15 | .140                    | .619 | 15 |

|               | notkun ísl. á sl. ári |      |    | hæfni í íslensku (eigið mat) |      |    |
|---------------|-----------------------|------|----|------------------------------|------|----|
|               | R                     | p    | N  | R                            | p    | N  |
| fleirtöluskor | -.066                 | .815 | 15 | .512                         | .061 | 14 |

**Sem sé:**

Frekar lítil fylgni fleirtöluskors við þessa notkunarbætti (en eigið mat á íslenskukunnáttu virðist réttmætt).



# Niðurstaða

- Rannsóknir benda til þess að íslensk börn nái ekki fullum tókum á fleirtölu og fleirtölureglum fyrr en um það leyti sem þau fara í skóla (sjá fyrri glærur)
- Margir úr hópi Vestur-Íslendinganna höfðu svipuð tók á íslenskri fleirtölu og 4–6 ára börn (sjá fyrri glærur)
- Fleirtöluskor Vestur-Íslendinganna sýnir frekar fylgni við ákveðinn breytileika í uppvexti (fyrirferð ensku á heimilinu í uppvexti, lestrarkunnátta, jafnvel fermingarundirbúningur) en við mismikla notkun málsins á fullorðinsárum
- Þetta gæti fremur bent til áhrifa frá „ófullkominni máltöku“ en málhrörnunar

[Ath. líka dæmi Jónu (Sigríður Mjöll Björnsdóttir 2014, 2018): 152 bréf (80.000+ orð) skrifuð á rúml. 70 ára tímabili sýna ákveðin merki um málhrörnun, en hún virðist ekki koma fram í fleirtölu af þekktum orðum (t.d. *hundur, bekkur, kjóll, -vél, bók, blað, kodd, fáni, kona, auga ...*)]

Hvað gerist þegar ein darga fjölgar  
sér í Vesturheimi?





# Heimildir

- Áslaug J. Marinósdóttir. 1983. *Tölumyndir nafnorða í nefnifalli hjá íslenskum börnum*. BA-ritgerð, Háskóla Íslands.
- Áslaug J. Marinósdóttir og Guðrún Sigurðardóttir. 1980. Athugun á fleirtölu í barnamáli. *Mímir* 28:29–45.
- Berko, Jean. 1958. The child's learning of English morphology. *Word* 14:150–177.
- Birna Arnbjörnsdóttir og Höskuldur Þráinsson. 2018. Hvað einkennir vesturíslensku? *Sigurtunga*, bls. 211–255.
- Chomsky, Noam. 1965. *Aspects of the Theory of Syntax*. MIT Press, Cambridge, MA.
- Indriði Gíslason, Sigurður Konráðsson og Benedikt Jóhannesson. 1986. *Framburður og myndun fleirtölu hjá 200 íslenskum börnum við fjöggra og sex ára aldur*. Kennaraháskóli Íslands, Reykjavík.
- Sigríður Mjöll Björnsdóttir. 2014. „Hún er svo montin af að vera íslenskt.“ *Fallmörkun og samræmi í vesturíslensku erfðarmáli*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands.
- Sigríður Mjöll Björnsdóttir. 2018. „Hún er svo montin af að vera íslenskt.“ Málbreytingar í sendibréfum Vestur-Íslendinga. *Sigurtunga*, bls. 341–359.
- Sigurtunga* = Birna Arnbjörnsdóttir, Höskuldur Þráinsson og Úlfar Bragason (ritstj.): *Sigurtunga. Vesturíslenskt mál og menning*, bls. 211–255. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Hvað gerist þegar ein darga fjölgar  
sér í Vesturheimi?